

Miðvikudaginn 24. júní 1959.

Nr. 37/1959. **Brandur Brynjólfsson**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Verzlunarskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins.

Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar ekki. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera málið undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 4.000,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. maí 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 25.

júní 1957, gegn firmanu Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 39.033,37, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð krafðist stefndi þess, að máli þessu yrði vísað frá dómi, án þess að taka sérstaklega til varna um efnishlið málsins.

Hinn 18. desember 1957 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og með úrskurði, upp kveðnum 19. desember s. á., var frávísunarkröfunni hrundið.

Í þinghaldi hinn 4. janúar 1958 lýstu umboðsmenn aðilja yfir því, að gagnasöfnun væri lokið í málinu. Hafði stefndi þó ekkert fjallað um málið að efni til.

Við hinn munnlega málflutning gerði umboðsmaður stefnda þær dómkröfur *aðallega*, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar af hálfu stefnanda, en *til vara* krafðist hann sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Í fyrirnefndum úrskurði hefur verið dæmt um frávísunarkröfu stefnanda. Er því ekki efni til að taka það atriði nú til sérstakrar úrlausnar.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að stefndi hafi á árunum 1952 til 1955 átt verzlunarviðskipti við Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Hafi stefndi keypt ýmsar landbúnaðarafurðir af Kaupfélagi Borgfirðinga, en selt því í staðinn ýmsa álnavöru. Sé hin umstefnda skuld til komin vegna viðskipta þessara, en Þórður Pálmason, forstjóri Kaupfélags Borgfirðinga, hafi framselt honum (stefnanda) skuldakröfuna með framsali, dags. 30. apríl 1957, sem sé áritað á viðskiptareikning, sem tekinn sé úr bókum kaupfélagsins, en niðurstaða viðskiptareiknings þessa sýni, að stefndi skuldi kaupfélaginu stefnufjárhæðina.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að engin viðskipti hafi átt sér stað milli hans og Kaupfélags Borgfirðinga síðan á árinu 1952, en í árslok 1952 hafi reikningar stefnda og kaupfélagsins staðið þannig, að hann (stefndi) hafi skuldað kaupfélaginu kr. 6.948,00. Þar sem engin viðskipti hafi átt sér stað milli þeirra eftir árslok 1952, sé krafan fallin niður fyrir fyrningu. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að starfsmaður stefnda, Guðmundur Holberg Þórðarson, hafi átt persónuleg viðskipti við kaupfélagið eftir árslok 1952, og muni viðskiptum starfsmanns þessa og kaupfélagsins ef til vill hafa verið ruglað saman.

Varnir þessar hafði stefndi fyrst uppi í hinum munnlega mál-

flutningi. Stefnandi mótmælti þeim sem röngum og allt of seint fram komnum. Stefndi benti þá á, að hann hefði áskilið sér rétt til þess í greinargerð að bera fram aðrar og fleiri málsástæður og varnir síðar, ef hann þyrfti. Þessum áskilnaði hefði stefndi ekki mótmælt, og væri stefnda því heimilt að hafa varnirnar uppi, þótt í munnlegum málflutningi væri.

Þrátt fyrir hinn almenna áskilnað stefnda í greinargerð um rétt til að koma að nýjum vörnum síðar, verður að telja, að varnir þær, sem hann kom fyrst fram með í hinum munnlega málflutningi og hann hefur á engan hátt rökstutt, séu gegn andmælum stefnanda of seint fram komnar, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Verða kröfur stefnanda, sem þannig hafa ekki sætt rökstuddum andmælum, teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 25. júní 1953.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Þorsteini Þorsteinssyni, fyrrverandi hagstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 39.033,37 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júní 1953 til greiðsludags og kr. 4.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
